

**FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.****Framkvæmdaleyfi til handa Orku náttúrunnar vegna borunar á þremur ferskvatnsholum innan lóðar Kolviðarholl land 7, Engidalskvísl til stækkunar á varmastöð Hellisheiðavirkjunar. Lóðin er innan þjóðlendu.**

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags sbr. 1. mgr. eða á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar og fylgja umsókn yfirlitsmyndir sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis og úrdráttur úr staðfestu aðalskipulagi, 2010-2022, sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Umsókninni fylgja upplýsingar um aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Framkvæmdaleyfið er í samræmi við mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðavirkjunar sem fór fram í áföngum 2003, 2005 og 2008. Í mati á umhverfisáhrifum Hellisheiðavirkjunar árið 2003 er gert ráð fyrir allt að 24 ferskvatnsholum í Engidal og heimilt að nýta allt að 2000 l/sek til framleiðslu á heitu vatni og til neysluvatnsnotkunar í Hellisheiðavirkjun. Þegar hafa sex ferskvatnsholur verið borðaðar í Engidal. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag, samþykkt 2008, og umhverfismat Hellisheiðavirkjunar.

Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við borun í mars 2019 og verði lokið í maí 2019. Framkvæmdin nær til að gera borplan á borteignum og borun þriggja ferskvatnshola og tengingu á þeim við vatnsveituna sem fyrir er. Holurnar nefnast HU-07, HU-08 og HU-09.

Um framkvæmdina:

1. Umsókn um framkvæmdarleyfi frá 21. desember 2018.
2. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 31. janúar 2019 að veita framkvæmdaleyfi fyrir borun á þremur ferskvatnsholum innan lóðar Kolviðarhóll, land 7.
3. Framkvæmdaraðili mun samkvæmt tölulið 10.4 í viðauka X í reglugerð nr. 550/2018 sækja um tímabundið starfsleyfi vegna framkvæmdanna við borunina ásamt að vinna áhættumat og skilgreina mótvægisáðgerðir sem byggja á niðurstöð áhættumatsins.
4. Orkustofnun, OS, veitti ON nýtingarleyfi á grundvelli laga nr. 57/1998, 2. nóvember 2015 og rúmast framkvæmdin innan nýtingarleyfisins.
5. Fyrirhugað framkvæmd er innan þjóðlendu og hefur Forsætisráðuneytið samþykkt framkvæmdina með bréfi dagsettu 16. janúar 2019
6. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði eins og kemur fram í gögnum með framkvæmdaleyfinu.
7. Í gögnum með umsókninni um framkvæmdaleyfi er framkvæmdinni lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.
8. Orka náttúrunnar er skráð fyrir umsókn um framkvæmdaleyfið.
9. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sem fylgdu umsókninni.
10. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Meðfylgjandi gögn: Umsókn og yfirlitsmynd um framkvæmdasvæðið. Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 6. febrúar 2019

Þorlákshöfn þann 6. febrúar 2019.

---

Sigurður Ósmann Jónsson, f.h. sveitarfélagsins Ölfuss.

Framkvæmdaleyfið gefið út í samræmi við gögn sem fylgja með.